


Farsældarþjónusta MÍ

Lög nr. 86/2021 um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna ná til barna og ungmenna upp að 18 ára aldri, eftir það á beiðni um samþættingu þjónustu ekki lengur við. Þegar einstaklingur hefur náð 18 ára aldri hefur tengiliður farsældar ekki lengur umboð í krafti farsældarlaganna til að vinna og miðla upplýsingum á milli kerfa. Að þessu sögðu er mikilvægt er að huga að og skipuleggja þjónustu við einstaklinga 18 ára og eldri í samráði við þá með velferð þeirra og farsæld í huga.

Framhaldsskólinn er 1. stigs þjónustuveitandi Tengiliður farsældar við Menntaskólann á Ísafirði er Erna Sigrún Jónsdóttir, námsráðgjafi erna@misa.is



Hér er að finna helstu úrræði nemendþjónustu Menntaskólans á Ísafirði sem ætluð eru til að koma til móts við þarfir nemenda skólans. Þeim er stígskipt eftir umfangi og þörfum nemenda. Bæði er greint frá úrræðum innanhúss sem utanhúss.

Kortlagning á þjónustu á 1. stigi – úrræðalisti MÍ

- Jafnréttisáætlun STE-0017 | Jafnréttisáætlun | QM
- Forvarnarstefna STE-0039 | Forvarnarstefna | QM
- Stefna um aðgerðir og viðbrögð gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi STE-0026 | Stefna Menntaskólans á Ísafirði um aðgerðir og viðbrögð gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi | QM
- Móttökuáætlun nemenda með annað móðurmál en íslensku STE-0036 | Móttökuáætlun nemenda með annað móðurmál en íslensku | QM (ccq.cloud)
- Móttökuáætlun nýnema og nýnema með sérþarfir STE-0037 | Móttökuáætlun nýnema og nýnema með sérþarfir | QM (ccq.cloud)
- Móttökuáætlun nýnema á starfsbraut STE-0038 | Móttökuáætlun nýnema á starfsbraut | QM (ccq.cloud)
- Umsjónarkennari nýnema á 1. önn og lengur eftir þörfum
- Umsjónarkennari nemenda með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn eftir þörfum
- Vinnustofur/stuðningur við heimám fjórum sinnum í viku fyrir alla nemendur
- Íslenskubraut fyrir nemendur með lítinn eða engan íslenskugrunn
- ÍSAN-(íslenska sem annað tungumál) áfangar fyrir nemendur með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn
- Íslenskuver fyrir nemendur með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn og aðra nemendur eftir þörfum
- Áfangi sem stuðlar að aðlögun nýnema að nýju skólástigi (NÁSS1NN03)
- Þjónusta náms- og starfsráðgjafa alla virka daga (tengiliður farsældar)
- Þjónusta skólahjúkrunarfræðings einu sinni í viku á skólatíma og eftir þörfum
- Tilvísanir í frekari þjónustu vegna líðan í geðheilsuteymi barna á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða
- Þjónusta þroskapjálfa og sérkennara
- Tilvísun í sértæka námsaðstoð í vinnustofu
- Teymisfundir
- Sértækur stuðningur við nemendur með námsörðugleika, varðandi próftöku og fleira.
- Sértæk fræðsla í umsjón náms- og starfsráðgjafa eða hjúkrunarfræðings
- Ábendingahnappar á heimasíðu skólans vegna eineltis, kynbundinnar áreitni, kynferðislegrar áreitni eða ofbeldis
- Bókasafn og tölvumál - aðstoð eftir þörfum

Listinn er ekki tæmandi og getur breyst eftir aðstæðum